

Skipulags- og byggingafulltrúi Uppsveita bs.
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Reykjavík 2. október 2020
UST202009-245/A.B.
10.04.03

**Efni: Lýsing - Breyting á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2008 – 2020
– Torfastaðir 1 – Ný frístundabyggð**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Grímsnes- og Grafningshrepps er barst 23. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu vegna breytinga á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2008 – 2020 vegna nýrrar frístundabyggðar í landi Torfastaða 1.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að 25 ha landbúnaðarland verður skilgreint sem frístundabyggð, fyrir allt að 30 lóðir.

Forsendur

Í greinargerð kemur fram að tilefni breytinganna er vaxandi eftirspurn eftir frístundalóðum í sveitarfélaginu, en hins vegar kemur fram að hvorki liggja fyrir nýlegar upplýsingar um fjölda byggðra né óbyggðra frístundalóða í sveitarfélaginu.

Það er mat Umhverfisstofnunar að uppbygging haldi áfram á þeim svæðum sem eru þegar skilgreind sem frístundasvæði, en komist verði hjá því að fara inn á svæði sem eru óröskuð, á hverfisverndsvæðum eða á svæðum á náttúruminjaskrá.

Umhverfisstofnun tekur undir mikilvægi þess að teknar verði saman upplýsingar um hversu margar af þegar skilgreindum frístundalóðum hafa verið byggðar.


Náttúruminjaskrá

Í greinargerð kemur fram að skipulagssvæðið er á náttúruminjaskrá. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í tillögunni skýr stefna sveitarfélagsins varðandi landnýtingu á svæðum sem eru á náttúruminjaskrá, áhrif tillögunnar á ásýnd svæðisins og hvort að tillagan hafi neikvæð áhrif á verndargildi náttúruminja.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson
sérfræðingur